

**FRÖÐMELT
A**

FATAMARKAÐUR

FATAMARKAÐUR

Kirkjuhvoli Kirkjubæjarklaustri
fimmtudaginn 14. júní kl. 14:00-19:00

*Nýjar vörur á dömur, börn og unglinga
Aldrei meira úrval*

Kjólar við buxur og leggings

Theódóra

Víkurkirkja í Mýrdal

*Fjölskyldugudspjónusta sem er hluti af hátíðahöldum Mýrdælinga
á Þjóðhátíðardaginn 2007, verður í Víkurkirkju í Mýrdal,
sunnudaginn 17. júní nk. 13:00.*

Hátíðardagskrá nánar auglýst af ungmennafélögunum.

Fjölmönnum til kirkju og fylkjum þaðan
liði í skrudgöngu eftir gudspjónustuna.

Léttur almennur söngur.

Haraldur M. Kristjánsson
sóknarprestur



Frískir á fjórum.

5. júní sl. var stofnað félag fjórhjólaeigen-
da í Mýrdalnum sem fékk nafnið, Frískir á
fjórum. 20 félagar skráðu sig og er stofn-
félagaskrá opin eitthvað lengur fyrir þá sem
hafa áhuga að gerast stofnfélagar.

Félagið ætlar að standa fyrir fjórhjólafer-
ðum í sumar og fleiri uppákomum. Fyrsta
stjórn félagsins er þannig skipuð: for-
maður Emil Sæmundsson, varaformaður
Karl Pálmason, Andrés Viðarsson ritaði
fundargerð og Sigurður Hjálmarsson vara-
maður. Mynd og texti: Jónas Erlendsson

Fréttatilkynning.

Sjóvá styrkir Slökkvilið Mýrdælinga.

Á dögunum áskotnaðist Slökkviliði
Mýrdælinga vegleg gjöf frá Sjóvá. Gjöfin er
tækjabifreið sem verður notuð til að ferja
menn í útköll, hvort sem er á slysstað eða í
bruna. Að sögn Kristjáns Kristjánssonar í
Slökkviliðinu í Vík kemur gjöfin sér afar
vel. "Þetta hefur lengi verið draumur okkar
manna sem eru nú heldur kátir. Við fórum
þess á leit við Sjóvá að þeir kæmu að þess-
um kaupum og tóku þeir vel í beiðnina. Það
er afar mikilvægt fyrir okkur að vera eins
fljótir á vettvang og kostur er, hvort sem um
er að ræða bruna- eða slysavettvang og
þessi bifreið gjörbreytir aðstöðu okkar til
forgangsaksturs."

Bifreiðin verður notuð í forgangsakstur
og sem tækjabifreið. Helgi Bjarnason



aðstoðarforstjóri Sjóvá segir gjöfina falla
vel að stefnu félagsins. "Við erum nútíma-
tryggingafélag og leggjum mikla áherslu á
forvarnir í öllu okkar starfi. Við vitum hvað
það skiptir miklu máli fyrir þá sem sinna
neyðarþjónustu að vera vel tækjum búnir
og eins fljótir á vettvang og kostur er, það er
allra hagar ekki síst tryggingafélagsins,"
segir Helgi.

Slökkviliðsmenn í Vík eru þessa dagana að
gera bifreiðina klára til notkunar og hafa
nú þegar hafid söfnun fyrir tækjaskippum í
hana. Tækjasklippurnar eru grunnbúnaður
og kosta á bilinu 1,2 til 1,4 milljónir króna.
Söfnunarreikningur slökkviliðsins er 0317-
13-701200 kt: 461283-0399

Frekari upplýsingar veitir.

Kristján Kristjánsson hjá Slökkviliðinu í
Vík í síma 899-5300

Á myndinni tekur Kristján Kristjánsson
slökkviliðsmaður við bifreiðinni úr höndum
Helga Bjarnasonar aðstoðarforstjóra Sjóvá
en Kristján sá um samninga við Sjóvá f.h.
slökkviliðsins.



Frá Hestamannafélaginu Sindra.

Hmf. Sindra vantar borð og stóla gefins eða fyrir lítinn pening til að setja í Vallarhúsið sitt.

Ef einhver á svoleiðis handa okkur vinsamlegast hafið samband við formann í 487-1322 eða netfang solheimar2@simnet.is

Einnig minnum við á Vinnudaginn á Sindravelli sem verður sunnudaginn 24. júní 2007. Kl: 13:00. (Sjá nánar á heimasíðu Sindra)

Mætum nú öll og hjálpumst að.
Með félagskveðju
Stjórnin.


Hestamannafélagið Kópur auglýsir!

Laugardaginn 16. júní verður haldin firmakeppni barna og unglunga, opið tölmót (fyrra stigamót) og keppt í fljúgandi skeiði. Keppnin hefst kl. 15:00 með firmakeppni barna (athugið breyttan tíma vegna Kvennahlaups ÍSÍ í Efri-Vík).

Skráning í firmakeppni er á staðnum en skráning fyrir opna töltið og fljúgandi skeið er fyrir kl. 22 fimmtudaginn 14. júní.
Skráningargjald í opna töltinu er kr. 1000.

Skráningar eru hjá: Jóni Geir 487-1427, Fanney Ólöfu 487-4888, Gunnari Pétri 847-7125 og Örvari 866-9157.

Vonumst til að sjá sem flesta.
Stjórnin



Dagskrá 17. Júní 2007



Vík í Mýrdal

*Hátíðardagskráin hefst
á íþróttavellinum.*



- 10:30** Víðavangshlaup og hjólakeppni (tvíþraut).
- 12:00** Hádegishlé.
- 13:00** Guðsþjónusta í Víkurkirkju.
- 13:30** Skrúðganga frá Víkurkirkju í fylgd slökkviliðsins að íþróttasvæðinu.
- 14:10** Ávarp fjallkonunnar.
- 14:20** Ávarp sveitarstjóra.
- 14:35** Reiptog á milli sveitarstjórnar og slökkviliðsins.

Almenn dagskrá við íþróttavöllinn:

- * Skemmtilegir fjölskylduleikir
- * Allir krakkar fá þátttökupening
- * Bílafloti slökkviliðsins verður til sýnis
- * Lætur Jói karamellum rigna yfir gesti?
- * Hestar verða á svæðinu fyrir börnin
- * Haukur og félagar verða með tónlist á bílplaninu
- * Óvænt uppákoma
- * Frítt í sund frá 10:00 til 17:00



15:00 - 17:00: Kaffisala á vegum Kvenfélags Hvammshrepps í Leikskálum.

16:00 Tónlistaratriði frá Tónskóla Mýrdalshrepps í Leikskálum.

Ath. Ef veðrið verður óhagstætt þá færirst dagskráin inn í íþróttamiðstöðina.

17. júní nefndin 2007

Þjóðhátíðardagurinn

Hin árlega 17. júní skemmtun verður í
Tunguseli nk. sunnudag kl. 14:00



Dagskrá: Ávarp fjallkonu
Hátíðarræða: Bjarni Daníelsson sveitarstjóri
Ásakórinn syngur nokkur lög
UMF Skafti stjórnar útileikjum
Kaffisala 500 kr. fyrir fullorðna
Frítt fyrir börn að fermingaraldri



Allir velkomnir
Kvenf í Álftaveri og Skaftártungu

Tilkynning frá Skipulags og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps

Borgarafundur vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi
Skaftárhrepps í landi Dalshöfða.

Miðvikudagskvöldið 13. júní verður haldinn almennur borgarafundur á
Skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 15 og hefst hann klukkan 21:00.

Eitt málefni er á dagskrá:

Kynning á fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu Skaftárhrepps vegna
áforma um uppbyggingu 2,5 MW rennslisvirkjunar í Hverfisfljóti í landi
Dalshöfða .

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftárhrepps.

HÆ HÓ JIBBÍ JEI OG JIBBÍ JEI... ÞAÐ ER ALVEG AÐ KOMA 17. JÚNÍ



*Fjallkonan neitaði að koma af Fjöllum
en við skemmtum okkur nú bara samt !*

**17. júní á Kirkjubæjarklaustri
milli kl. 13 og 16 á Skaftárskálaplaninu**



**Hoppukastalar
Ævintýrakastali og
Fótboltakastali**



TRÚDAÍS FYRIR YNGSTU BÖRNIN

SÝNING Á JEPPUM/MÓTORHJÓLUM/SNJÓSLEDUM

**BJÖRGUNARVEITIN KYNDILL VERÐUR
MEÐ TÆKI OG TÓL TIL SÝNIS.**

**BJÖRGUNARVEITARMENN TAKA BÍL
OG KLIPPA HANN Í TÆTLUR.**



**Óvænt áhættuatriði í lokin
á bökkum Skaftár!!**

Sjáumst hress á planinu við Skaftárskála

Landsbyggðin lifi á Kirkjubæjarklaustri

Formaður samtakanna Landsbyggðin lifi, Ragnar Stefánsson, kynnir starfseminu á fundi í Hótel Klaustri, fimmtudaginn 14. júní kl. 17.00

Upplýsingar um samtökin má finna á www.landlif.is eða með því að hafa samband við síma 4663125 eða 8994805, eða með tölvupósti í raha@simnet.is eða landlif@landlif.is eða með bréfi sem sendist á heimilisfang samtakanna að Laugasteini, 621 Dalvík.

Komið á fundinn á Klaustri á fimmtudag til að fá meiri upplýsingar og til að ræða málin. Ef þið komist ekki strax kl. 5 þá komið bara síðar, eitthvað fram eftir kvöldi, til að spjalla.

Landsbyggðin lifi á Kirkjubæjarklaustri

Hvað er „Landsbyggðin lifi“?

Í lögum þeirra segir:

„Markmið samtakanna er að vera samstarfsvettvangur fyrir félög, áhugamannahópa og einstaklinga sem hafa það að markmiði að styrkja sína heimabyggð. Samtökin vinna í samvinnu við staðbundin þróunarfélög, atvinnuþróunarfélög, áhugamannafélög um velferð og framgang heimabyggðar, sveitarfélög, héraðsnefndir og önnur samtök sem starfa í þessum anda“..... Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.landlif.is.

Landsbyggðin lifi er ung en vaxandi hreyfing, þar sem fólk starfar saman hvar í flokki sem það stendur eða utan allra flokka. Þar eru nú 20 aðildarfélög, en menn geta líka verið einstaklingsmeðlimir. Sumir tengjast samtökunum gegnum eldri félög sem þeir eru í, félög sem með ýmsum hætti stuðla að eflingu byggðar. Mikilvægasti þátturinn í starfsemi „Landsbyggðin lifi“ er einmitt að vera tengiliður og breiða út fjölbreytilegt starf sem nú þegar er í gangi víða um land til að styrkja byggðirnar. Með samvinnu og frumkvæði viljum við efla og auka allt slíkt starf og fá sem flesta með.

Komið með í Landsbyggðin lifi

Við hvetjum þig til að tengjast okkur, sem fyrir erum í Landsbyggðin lifi, annað hvort á einstaklingsgrundvelli eða sem meðlimir í aðildarfélagi.

Svo er líka hægt að takmarka aðildina við að vera á póstlista samtakanna og fá með því móti fréttir um starf þeirra og tengjast ýmiss konar umræðu um byggðamál. Sendið okkur nafn, heimili, síma og tölvupóstfang, ef til er, í síma 4663125 eða 8994805, eða með tölvupósti í raha@simnet.is eða landlif@landlif.is eða með bréfi sem sendist á heimilisfang samtakanna að Laugasteini, 621 Dalvík. Líka getið þið sjálf skráð ykkur á póstlista samtakanna, ef þið eruð með tölvu, með því að fara inn á www.landlif.is.

Íbúar í Skaftafellssýslum. Komið á fundinn á Klaustri á fimmtudag til að fá meiri upplýsingar og til að ræða málin. Ef þið komist ekki strax kl. 5 þá komið bara síðar, eitthvað fram eftir kvöldi, til að spjalla.

KVENNAHLAUP 16. JÚNÍ

Hlaupið verður frá Efri-Vík kl 14:00 1 km, 2,5 km og 5 km.
Skráning á staðnum.




Sjáumst hressar og kátar, takið með ykkur stafgöngustafi ef þið eigið.

Pottur og sauna á eftir ef vill.

Kveðja frá okkur á Hótel Laka / Efri-Vík

Garðplöntur ræktaðar í ríki Vatnajökuls



Yfir 100 tegundir trjáplanta -
Yfir 150 tegundi fjölarar blóma
sumarblóm - kálplöntur - kryddjurtir - pottar - ker og fleira

Opnunartími virka daga kl 13-18.30 - um helgar 10-16

Verið velkomin

Gróðrastöðin Dilksnesi Hornafirði

Símar: 478 1920 og 849 1920

Til sölu

tjaldvagn COMBI CAMP árg 1995.

Mjög vel með farin. Nýtt fortjald.

Upplýsingar

í síma 8660346 eða 8978303

Augablað

Mig vantar augablað í Willysfjöður undir kerru.

Þetta er fjöður úr gamla Willys frá 1946. Breiddin er 1 3/4 og lengdin er 1 m og 6 cm. Ef einhver lumar á svona blaði væri það vel þegið

Með fyrirfram þökk
Eypór í síma 487 1299

Okkur vantar:

Gömlu Egils plastkassana (undan MALT og APPELSÍN) til að geta sett upp kassaklifur.

Ef einhver á til svona kassa og vill láta okkur fá þá látið í ykkur heyra í síma 865 7349.

Erfitt er að fá þessa kassa á landinu Safnast þegar saman kemur.

Björgunarsveitin Víkverji

Pegar 17. júní varð þjóðhátíðardagur eftir lýðveldisstofnunina 1944 fékk dagsetningin nýtt inntak. 17. júní er ekki lengur bara venjuleg dagsetning heldur skírskotar beint til hlutverks dagsins og þeirra hefða sem smám saman hafa myndast í sambandi við hann og þar sem hann hefur ekkert sérstakt nafn hefur dagsetningin orðið ígildi heitis á þessum degi. 17. júní er því sumpart hliðstætt hugtak og „Þorláksmessa“ eða „sumardagurinn fyrsti“. Þetta sést m.a. á því að sagt er „á 17. júní“ alveg eins og „á páskadag“ - orðalag sem sumir amast við þótt algengt sé - og því að þessi dagsetning er oft skrifuð fullum stöfum en aðrar: „sautjándi júní“. Loks má nefna að tölulíðurinn er oft notaður sem nafnorð og talað um „sautjándann“.

Flestir hátíðisdagar eiga sér nafn, hvort sem þeir eru fastbundnir tiltekinni dagsetningu, eins og Þorláksmessa og nýársdagur, eða færranlegir, eins og sumardagurinn fyrsti og föstudagurinn langi. Þó á 17. júní tvo nafnlausu bræður, hátíðisdag verkalýðsins 1. maí og fullveldisdaginn 1. desember, og haga þær dagsetningar sér á svipaðan hátt.



Ísland! farsældafrón og hagsælda hrímhvíta móðir!

Hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáðin best?

Allt er í heiminum hverfult, og stund þíns fegursta frama

lýsir, sem léiftur um nótt, langt fram á horfinni öld.

Landið var fagurt og frítt, og fannhvítir jökla-anna tindar,

himininn heiður og blár, hafið var skínandi bjart.

Þá komu feðurnir frægu og frjáls-ræðishetjurnar góðu, austan um hyldýpishaf, hingað í sælunnar reit.

Reistu sér byggðir og bú í blómguðu dal-anna skauti;

ukust að íþrótt og frægð, undu svo glaðir við sitt.

Hátt á eldhrauni upp, þar sem enn þá Öxará rennur

ofan í Almannagjá, alþingið feðranna stóð. Þar stóð hann Þorgeir á þingi er við trúnni var tekið af lýði.

Þar komu Gissur og Geir, Gunnar, Héðinn og Njáll.

Þá riðu hetjur um héröð, og skrautbúin skip fyrir landi

flutu með fríðasta lið, færandi varninginn heim.

Það er svo bágð að standa' í stað, og mönnunum miðar

annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.

Hvað er þá orðið okkart starf í sex hundruð sumur?

Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?

Landið er fagurt og frítt, og fannhvítir jökla-anna tindar,

himininn heiður og blár, hafið er skínandi bjart.

En á eldhrauni upp, þar sem enn þá Öxará rennur

ofan í Almannagjá, alþing er horfið á braut. Nú er hún Snorrabúð stekkur, og lyngið á lögbergi helga

blánar af berjum hvert ár, börnum og hröfnum að leik.

Ó þér unglíngafjöld og Íslands fullorðnu synir!

Svona er feðranna frægð fallin í gleymsku og dá!

Jónas Hallgrímsson

Tekið af www.lexis.hi.is

Fréttir frá 4x3

Helgina 20.-22. júlí nk. verður haldin í Vík úti (fjölskyldu) hátíð jeppaklúbbssins 4X4. Það er jeppaklúbburinn 4X3 sem heldur hátíðana.

Aðaldagskráin verður á laugardeginum og ef að líkum lætur mun þar kenna ýmissa grasa. Reiknað er með í það minnsta 200 manns á svæðið.

Undirbúningur er þegar kominn í fullan gang.

Nánar þegar nær dregur. E.

Rabbinn á kjörstigi

Nú er rabarbarinn á kjörstigi til upptöku, hann spratt svo snemma og fer því að tréna áður langt liður

Ennþá nánast rennur hann sundur í suðu.

Endilega fáðið ykkur rabarbara. Sultan er alltaf sígild og vinsæl. E.

Einn léttur

Kæri sonur,

Ég skrifa þetta bréf hægt af því að ég veit að þú getur ekki lesið mjög hratt.

Við búum ekki lengur þar sem að við bjuggum þegar þú fórst að heiman. Pabbi þinn las í blöðunum að flest slys gerast innan við 20 mílur frá heimilunum, þannig að við fluttum. Ég get ekki sent þér heimilisfangið af því að fjölskyldan sem bjó hérna á undan okkur tók húsnúmerið þegar þau fluttu til þess að þau þyrftu ekki að breyta heimilisfanginu sínu.

Veðrið er ekki slæmt hérna. Það rigndi bara tvisvar í síðustu viku; í fyrsta skipti í þrjá daga og í seinna skiptið í fjóra daga.

Varðandi jakkann sem þú vildir að ég sendi þér, þá sagði Stjáni frændi þinn að hann væri of þungur til að senda í pósti með tölunum, þannig að við klipptum þær af og stungum þeim í



Nú þessa dagana er Framrás í Vík að klára garð og grjótvörn, sem veitir Múlakvísl vestast á Mýrdalssandi frá þjóðvegi eitt, við verkið er notaður sex hjóla trukkur (Búkolla).

Myndir og texti: Jónas Erlendsson

vasana. Jón læsti lykklunum sínum inni í bílnum í gær. Við erum öll mjög áhyggjufull vegna þess að það tók tvo tíma að ná okkur pabba þínum út. Systir þín eignaðist barn í morgun; en ég hef ekki enn komist að því hvers kyns það er þannig að ég veit ekki hvort það er frænka eða frændi. Barnið lítur alveg eins út og bróðir þinn...

Annars er ekki mikið meira í fréttum. Það hefur ekkert mikið gerst.

Ástarkveðjur, mamma.

P.S. Ég ætlaði að senda þér peninga en ég var búin að loka umslaginu...